



Markaðsstofa Suðurlands

Fundargerð

5. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 mánudaginn 13. desember 2021, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Boðaðir:

Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Katrín Sigurðardóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Geir Gígja, varafulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Ágúst Elvarsson, fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Friðrik Sigurbjörnsson - Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Nejra Mesetovic, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Forföll:

Ásgerður Kristín Gylfadóttir, fulltrúi Samtaka Sunnlenskra Sveitarfélaga
Ragnhildur Ágústsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nejra Mesetovic.

Dagskrá

- **Áætlunir 2022**
- **Málefni Áfangastaðastofu**
- **Önnur mál**

Áætlunir 2022

- **Starfsáætlun 2022** - Framkvæmdastjóri kynnir drög að starfsáætlun ársins 2022. Umræða var um áætlunina og tóku allir vel í hana. Stjórn mun senda inn athugasemdir, ef einhverjar, en samþykkir að öðru leiti drög að starfsáætlun 2022.
- **Rekstraráætlun 2022** – Framkvæmdastjóri kynnir drög að rekstraráætlun ársins 2022. Stjórn fer yfir hana og ræðir um mismunandi kostnaðaliði og óskar eftir að

áætlunin taki einnig mið af greiðslum til stjórnar, fari svo að ársfundur samþykki það fyrirkomulag.

- Fannar kemur inn á fundinn og fer yfir helstu markaðsaðgerðir ásamt tölfræði á bakvið þær aðgerðir á árinu 2021. Þá kynnir hann drög að markaðsáætlun ársins 2022. Til umræðu eru einnig hugmyndir að vinnustofum og sýningum sem mögulega verður farið á árinu 2022.
- Framkvæmdastjóra falið að klára áætlanir og leggja fyrir næsta fund stjórnar til endanlegrar samþykktar.

Málefni Áfangastaðastofu

- Komin er ágætis reynsla af fyrirkomulaginu það sem af er ári og fer framkvæmdastjóri yfir helstu umræður frá stöðufundi MSS með fulltrúum Ferðamálastofu sem fram fór í nóvember sl. Þar var farið yfir með Ferðamálastofu hlutverk og verkefni áfangastaðastofu og eftirfylgni með þeim útfrá samningi. Fundurinn gekk vel og kom fram að Ferðamálastofa væri ánægð með störf og áherslur MSS. Þá voru rædd málefni sveitarfélaga sem hugsanlega eru ekki með samninga við Markaðsstofuna. Fram kom að það væri sem fyrr frjálst val hvers sveitarfélags og að Áfangastaðastofa ynni með þeim sem það kjósa og þá í gegnum samstarfssamninga. Framundan er endurnýjun samninga við þrjú sveitarfélög; Árborg hefur samþykkt framlengingu samnings um eitt ár og beðið er svara frá Hveragerði og Ölfusi.

Önnur mál

- Nejra viku af fundi. Starfsmannamál rædd, meðal annars ráðning nýs verkefnastjóra markaðsmála hjá MSS, umsóknarferlið og starfskjör.
- Rætt var um að færa næsta fund stjórnar, sem verður staðarfundur í Fjölheimum, til 10. janúar og var það samþykkt.

Fundi slitið kl. 11.30.